

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. mars 2009 í máli nr. E-6640/2008:

Ríkissjóður Íslands

(Þorsteinn Pétursson hdl.)

gegn

A og

B

(Jón Magnússon hrl.)

Mál þetta sem dómtekið var 3. mars sl., er höfðað með birtingu stefnu 4. september 2008.

Stefnandi er Ríkissjóður Íslands, Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Stefndu eru A, [... ...] og B, [... ...].

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.622.126 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af 2.622.126 krónum frá 29. maí 2006 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Til vara er þess krafist að stefnukrafa verði stórlega lækkuð samkvæmt mati dómsins og að stefndu verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts.

Þá er þess krafist, „verði um sakfellingu að ræða að hún verði sundurgreind samkvæmt mati dómsins í samræmi við aðild hvors stefnda um sig“.

Málsatvik.

C varð fyrir líkamsárás 1. september 2002 af hálfu stefndu. Í læknisvottorði Ólafs R. Ingimarssonar frá 17. september 2002, segir að C hafi leitað á slysideild 1.

september 2002, kl. 1:30 eftir líkamsárás. Hann hafi komið á þangað með sjúkrabíl, en lent í átökum við Kaffi Sólon við tvo menn. Við skoðun hafi komið í ljós smámar eða yfirborðsrípur í húð og hálsi vinstra megin. Hann sé með „subconjunctival“ blæðingu „cranioanasalt“ í vinstra auga og hafi þar eilitle aðskotahlutstílfínningu, en að öðru leyti kvarti hann um verki í hægri öxlinni, sérstaklega ef hann hreyfi hálsinn og fengi hann þá geislandi verk niður í öxlina. Rétt hafi þótt að fá röntgenmynd af brjóstholi, þar sem hann hafi verið aumur yfir hægra rifjahylkinu, svo og háls hrygg vegna gruns um geislandi einkenni út í öxlina hægra megin.

C kærði árásina til lögreglu næsta dag, 2. september og 27. nóvember 2002 sendi hann Lögreglustjóranum í Reykjavík og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bótakröfu með fyrirvara. Með bréfi bótanefndar frá 9. mars 2004 var þess farið á leit við C að bótanefnd yrði upplýst um stöðu málsins fyrir 1. apríl 2004, að öðrum kosti yrði litið svo á að umsóknin væri afturkölluð. Með bréfi 17. mars 2004 tilkynnti lögmaður hans til bótanefndar að enn væri verið að afla gagna og óskaði eftir fresti hjá bótanefnd.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 19. desember 2003, í máli nr. S-117/2003, voru stefndu í máli þessu dæmdir til refsingar fyrir líkamsárás á hendur C. Í ákæru var þeim gefin að sök líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 1. september 2002, fyrir utan kaffihúsið Kaffi Sólon, Bankastræti 7a, Reykjavík, í félagi sparkað ítrekað í höfuð og líkama C, þar sem hann lá í jörðinni, og stefndi, B sett fingur í auga hans og klipið í kynfæri hans, með þeim afleiðingum að C hlaut mar eða yfirborðsrípur í húð og hálsi vinstra megin, blæðingu í vinstra auga og marðist víðs vegar um líkamann. Stefndi, A, var dæmdur fyrir að hafa sparkað í C, bæði í höfuð hans og líkama og stefndi, B, var dæmdur fyrir að hafa sett fingur í auga C og klipið í kynfæri hans. Var þessi háttsemi stefndu talin varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við aðalmeðferð sakamálsins afturkallaði lögmaður C bótakröfu þá er lögð hafði verið fram af hálfu hans. Héraðsdómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Matsgerð lækna Guðjóns Baldurssonar og Guðmundar Björnssonar lá fyrir 26. september 2004. Í niðurstöðu matsgerðar þeirra kemur fram að C hafi að mestu verið heilsuhraustur áður en árásin átti sér stað, en í henni hefði hann verið snúinn eða dreginn niður í jörðina og hafi auk þess fengið spörk í höfuð og ofanverðan skrokkinn.

Flestir áverkarnir hafi gengið til baka, en hann sé ennþá með óþægindi sem rekja verði til þessa áverka. Hann hafi margoft leitað til síns heimilislæknis, einnig hafi hann farið til bæklunarskurðlæknis og þá hafi hann verið í langri sjúkraþjálfunarlötu frá því skömmu eftir slysið og þar til í lok febrúar 2003. Svo virðist sem hann sitji uppi með varanleg mein eftir þennan áverka. Einkum sé um að ræða stirðleika í hægri öxl og hægra herðasvæði. Honum hafi batnað tímabundið við sjúkraþjálfunarmedferðir en jafnan sótt í sama horfið þegar þeim ljúki. Bæklunarskurðlæknir hafi ekki talið að önnur meðferð en sjúkraþjálfun hafi komið honum að gagni. Matsmenn telji ekki að frekari læknismeðferð eða sjúkraþjálfun komi að gagni og því sé tímabært að leggja mat á varanlegar afleiðingar slyssins.

Við mat á tímabundnu atvinnutjóni styðjist matsmenn við frásögn C, svo og þær upplýsingar sem fram komi í gögnum málsins. Hann teljist samkvæmt því hafa

verið óvinnufær af völdum slyssins í samtals 2 vikur eða frá 1. september 2002-15. september 2002 í aðalstarfi en í aukastarfi, eða þar til hann hafi hafið aftur störf við dyravörslu, í ágúst 2003.

Við mat á þjáningartíma telji matsmenn sanngjarnt og eðlilegt að hann hafi verið veikur í skilningi skaðabótaganna án þess að vera rúmliggjandi frá slysdegi 1. september 2002 þar til sjúkrabjálfun var lokið 21. febrúar 2003.

Stöðugleikapunktur miðist við lok þjáningartíma eða 21. febrúar 2003.

Við mat á varanlegum miska leggi matsmenn til grundvallar að um einkenni tognunaráverka á hægri öxl hjá réttthentum manni sé að ræða með þónokkurri skerðingu á almenntri færni svo og lífsgæðum. Varanlegur miski með hliðsjón af ofangreindu teljist metinn 10%.

Lögmaður C sendi bótanefnd bréf 15. desember 2004 þar sem óskað var eftir að bótanefnd úrskurðaði honum hæstu mögulegu bætur og 22. júlí 2005 var sent ítrekunarbréf til bótanefndar um bætur.

Stefndu sendu andmælabréf sín til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 16. febrúar 2006 og 16. mars 2006 ákvarðaði bótanefnd tjonþola, C, bætur að fjárhæð 2.600.000 krónur. Lögmaður stefndu sendi bréf til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 31. mars 2006 þar sem þess var krafist að ákvörðunin yrði endurskoðuð. Með bréfi 24. apríl 2006 hafnaði bótanefnd endurupptöku málsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður að ríkisfjárhirsla hafi greitt bæturnar út til tjonþola að beiðni dómsmálaráðuneytisins 30. mars 2006, alls 2.622.126 krónur. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 69/1995 hafi ríkissjóður eignast rétt tjonþola gagnvart tjonvöldum in solidum sem nemur fjárhæð greiddra bóta.

Í málinu liggur fyrir kröfugerð tjonþola, C, þar sem farið er fram á 7.539.793 krónur og ákvörðun bótanefndar varðandi upphæð bóta. Í III. kafla ákvörðunar bótanefndar segir: „*Með framangreindum héraðsdómi er sannað að umsækjandi varð fyrir tjóni vegna brots gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fullnægt er skilyrðum 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 69/1995 og um er að ræða tjón er II. kafli laganna tekur til*“.

Um sök stefndu vísar stefnandi til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 19. desember 2003. Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Málástæður og lagarök stefndu.

Stefndu kveða aðkomu þeirra A og B að átökum við tjonþola vera með mismunandi hætti og liggi fyrir að hvorki A né B sé valdur að þeim áverkum sem meint örorka C byggist á. Stefndu kveða niðurstöðu matsgerðar vera með ólíkindum og er á það

bent að stefndu höfðu ekkert með þessa matsgerð að gera og var aldrei gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða gera grein fyrir henni. Þá benda stefndu á að skaðabótakrafa C hafi verið afturkölluð við aðalmeðferð sakamálsins, og eftir það hafi engin bótakrafa verið fyrir hendi.

Sýknukröfu sína byggja stefndu á því að skilyrði bótagreiðslu samkvæmt 6. gr. laga nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, hafi ekki verið fyrir hendi. Í því sambandi er á það bent að samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna skuli umsókn um bætur hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið. Veigamikil rök þurfi að vera fyrir hendi sem mæli með því að víkja frá ofangreindu skilyrði, sbr. 3. gr. mgr. ofangreindrar 6. gr. Svo sem fram komi í ákvörðun bótanefndar hafi lögmaður C farið þess á leit á grundvelli ofangreindra laga að honum yrðu greiddar skaðabætur og nam krafan samtals 1.208.044 krónum. Með bréfi nefndarinnar til lögmanns C frá 9. mars 2004 hafi nefndin óskað eftir upplýsingum um stöðu málsins og tjáð lögmanni hans að hefði svar ekki borist þann 1. apríl það ár, liti nefndin svo á að umsóknin væri afturkölluð. Það hafi síðan verið með bréfi 15. desember 2004 sem lögmaðurinn hafi látið nefndinni í té endurrit dóms, matsgerð og fleira.

Samkvæmt því sem að ofan er rakið úr úrskurði bótanefndar, hafi nefndin lýsti því yfir við lögmann C að hún liti svo á að umsóknin væri afturkölluð, hefði svar ekki borist 1. apríl 2004. Ekkert svar hefði borist á þeim tíma og ekki borist fyrr en átta og hálfum mánuði síðar. Samkvæmt því hafi umsóknin verið afturkölluð og hafi fyrst komið fram með bréfi lögmannsins 15. desember 2004, en þá hafi verið liðin tvö ár, þrjár og hálfur mánuður frá því brot var framið. Með því að tilkynna lögmanninum að nefndin liti svo á að beiðni hans væri afturkölluð, sé aðstaðan með sama hætti og hún hefði ekki borist og því verði nefndin að benda á og sýna fram á að veigamikil rök mæli með því að vikið sé frá því skilyrði að umsókn um bætur skuli hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið. Í ákvörðun bótanefndar sé ekki vikið að því einu orði að skilyrði hafi verið til að víkja frá ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 69/1995. Benda stefndu á að kröfugerð í máli þessu byggist á ákvörðun bótanefndar um að greiða bætur og verði því sú ákvörðun að standast ákvæði laga 69/1995, en geri það ekki.

Þá sé þess einnig að geta að sú krafa sem lögmaður C hafi kynnt nefndinni hafi verið krafa um miskabætur að fjárhæð 1.000.000 króna auk kröfu um útlagðan kostnað. Krafan sem borist hafi nefndinni, þegar tveggja ára fresturinn var liðinn, hafi verið svo eðlisólík þeirri kröfu sem áður hafði verið kynnt, að um allt aðra kröfu hafi verið að ræða. Sú krafa hafði því ekki verið kynnt fyrir bótanefnd fyrr en með ofangreindu bréfi, sem kom fram löngu eftir að frestur til þess var liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 69/1995. Ákvörðun bótanefndar um að greiða bætur, engu að síður, bindi ekki stefndu.

Ljóst sé að stefnandi geti ekki eignast frekari kröfu en tjónþoli, C, átti eða gat hugsanlega átt. Hann hafi gert kröfu á hendur stefndu og sú krafa hafi verið tekin upp í ákæru í málinu. Sú krafa hafi verið dregin til baka og gagnvart stefndu hafi engin dómkrafa verið fyrir hendi af hálfu C, frá því að hún var dregin til baka og til þess tíma að stefna var gefin út í máli þessu. Almenni fyrningarfresturinn hafi á þeim tíma verið fjögur ár og jafnvel þótt um skaðabótakröfu hafi veið að ræða, liggi fyrir matsgerð og stöðugleikapunktur hafi verið 21. febrúar 2003 hjá C, eða rúmum fimm árum áður en mál var höfðað á hendur stefndu. Jafnvel þótt um sök hafi verið

að ræða, hafi sökin verið fyrnd þegar málið var höfðað og því eigi stefnandi ekki kröfu á hendur stefndu.

Þegar mál nr. S-117/2003 hafi verið til meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur, hafi verið fallið frá kröfunni. Nú, fimm árum síðar, komi mál vegna skaðabótakröfu C aftur til meðferðar hjá dómstólum, löngu eftir að atvik gerðust sem varða skaðabótakröfuna. Fyrir liggir að staða stefndu til að halda uppi vörnum og leiða fram vitni og leggja fram gögn sé til muna verri en hún hefði verið ef málið hefði haft eðlilega framvindu. Tjónþoli, C, og lögmaður hans hafi ekki sinnt því að halda kröfunni fram með eðlilegum hraða. Stefndu höfðu ekki hugmynd um að hann hefði uppi kröfu eftir að hafa dregið bótakröfuna til baka og þá töldu stefndu að þau átök sem áttu sér stað hafi verið vegna framkomu C sjálfs. Einnig telja stefndu að ekki liggir fyrir að þeir áverkar sem hann hafði, þegar hann fór í örorkumat hafi verið vegna þeirra rýskinga sem áttu sér stað milli stefndu og hans.

Ljóst sé að stefnandi hafi sýnt vítavert tómlæti varðandi mál þetta. Bótanefnd hafi tekið ákvörðun 16. mars 2006 um að greiða honum bætur. Frá því að sú ákvörðun hafi verið tekin og þangað til mál hafi verið höfðað hafi liðið tvö og hálf ár. Stefnanda hafi þó mátt vera ljós nauðsyn þess að höfða mál án tafar.

Þá kveða stefndu að fyrir liggir að C hafi átt upptök að þeim átökum sem orðið hafi milli hans og stefndu. Hann hafi tekið ákveðna áhættu sem hann hafi ekki þurft að taka og verði því á grundvelli sjónarmiða um eigin áhættutöku svo og þeirrar áhættutöku sem starfi hans fylgi, að bera tjón sitt sjálfur.

Þá benda stefndu á að samkvæmt dómi í máli nr. S-117/2003 sé aðild stefndu að málinu mismunandi. Þegar af þeirri ástæðu komi ekki til greina að fallast á að þeir verði dæmdir in solidum til greiðslu umkrafinna skaðabóta. Í fyrsta lagi verði að sýna fram á að báðir stefndu beri ábyrgð á tjóni tjónþola. Í öðru lagi þurfi að gera grein fyrir með hvaða hætti og hvernig hvor stefndu hafi komið að málinu sem leiði til sakar þeirra. Í þriðja lagi verði að sýna fram á hvaða málsástæðum sé byggt varðandi solidaríska ábyrgð stefndu. Málalíbúnaður stefnanda hvað þetta varði sé afar ófullkominn og í lýsingu í stefnu vanti þessi atriði algjörlega. Vegna þess hve málalíbúnaður stefnanda sé ófullkominn og vegna þess með hve mikilli ónákvæmni sé gerð grein fyrir málsástæðum ætti að vísa málinu frá ex officio.

Fyrir liggir í málinu að stefndi, A, hafi verið dæmdur fyrir að hafa sparkað tvívegis í tjónþola, en ekki hafi verið sýnt fram á eða sannað að þau spörk hafi leitt til bótaskyldra áverka á tjónþola, C. Hvað varði þátt stefnda, B, liggir fyrir samkvæmt ofangreindum dómi að hann hafi verið sýknaður af því að hafa sparkað í C, en dæmdur fyrir að hafa klipið í kynfæri hans og sett fingur í auga hans. Útilokað sé því að stefndi, B, geti hafa valdið þeim bótaskylda áverka sem kröfugerð C byggir á og samþykkt hafi verið af bótanefnd. Ekki hafi verið um sameiginlegar aðgerðir að ræða og hvor aðili um sig hafi komið með mismunandi hætti að þeim átökum sem um ræði. Þegar af þeim ástæðum komi ekki til greina að dæma þá in solidum fyrir tjón C.

Það sé tjónþola að sanna að sá sem hann krefji um bætur hafi valdið sér tjóni. Þá verði að vera eðlilegt orsakasambandi milli þess sem gerðist og þess tjóns sem á að hafa verið um að ræða. Í því tilviki sem hér um ræði liggir ekki fyrir nákvæmlega hver gerði hvað. Hvort það hafi verið fleiri aðilar en stefndu sem veittu honum

áverka, eða hver þáttur hvors þeirra um sig var. Þó liggi fyrir að stefndi, B, geti ekki með neinum hætti hafa komið að því að valda honum því tjóni sem krafa í máli þessu byggir á.

Útilokað sé því að gera kröfu á hendur stefndu in solidum þar sem aðild þeirra að málinu sé með mismunandi hætti.

Því er gerð sú krafa að verði um sakfellingu að ræða, verði hún sundurgreind miðað við þátt hvors stefnda fyrir sig, en með því að haga málatilbúnaði sínum svo sem hér um ræði, skorti stefnu þann skýrleika sem nauðsynlegur sé til að leggja efnisdóm á málið.

Varðandi varakröfu sína hafa stefndu uppi allar sömu kröfur og varðandi aðalkröfu. Auk þess er bent á að tjónþoli, C, verði að bera stóran hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar. Ljóst sé að hann veittist að stefnda, A, og hafði hann í tókum og veitti honum verulegan líkamsáverka. Þá hafi stefndi, B, ekki komið að málinu nema til að hjálpa stefnda, A.

C sé bundinn við þá bótakröfu sem hann hafði uppi í sakamálinu sem dæmt var og ekki komi til greina að dæma stefndu í hærri bótageiðslur en þar var gerð grein fyrir.

Þá er ítrekað að ekkert orsakasambandi sé milli gerða stefndu og þess tjóns sem hann á að hafa orðið fyrir. Þannig liggi ekki fyrir og engin lýsing sé á því í stefnu hvað það hafi nákvæmlega verið sem leitt hafi til þeirrar tognunar sem sé forsenda bótageiðslna til tjónþola, C.

Niðurstaða.

Að mati dómsins er málatilbúnaður stefnanda nægilega skýr til að lagður verði efnisdómur á málið og verður því ekki vísað sjálfkrafa frá dómi.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota nr. 69/1995 greiðir ríkissjóður bætur vegna tjóns sem leiðir af brotum á almennum hegningarlögum í samræmi við ákvæði laganna, enda hafi brotið verið framið innan íslenska ríkisins. Greiða skal bætur vegna líkamstjóns samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna og einnig bætur vegna miska samkvæmt 3. gr. þeirra. Samkvæmt 9. gr. laganna skal greiða bætur samkvæmt lögnum þótt ekki sé vitað hver tjónvaldur er, hann sé óskahæfur eða finnst ekki.

Samkvæmt 6. gr. fyrrgreindra laga nr. 96/1995 er það skilyrði greiðslu bóta að brot sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns. Þá skuli umsókn um bætur hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið.

Tjónþoli, C, kærði líkamsárás stefndu til lögreglu daginn eftir að hún átti sér stað eða 2. september 2002 og bréf lögmanns tjónþola var sent til bótanefndar 27. nóvember 2002. Af hálfu lögmanns stefndu hefur verið á það bent að bótanefnd

sendi tjónþola bréf 9. mars 2004, þar sem fram kom að ef svar bærisk ekki fyrir 1. apríl 2004, yrði litið svo á að umsókn væri afturkölluð. Í málinu hefur verið lagt fram svarbréf lögmanns tjónþola til bótanefndar, frá 17. mars 2003, þar sem óskað var eftir frekari fresti og tilkynnt um að verið væri að afla gagna vegna örorkumats. Er því ekki unnt að fallast á að umsókn um bætur hafi verið afturkölluð af hálfu tjónþola, enda sendi hann aftur bréf til bótanefndar 15. desember 2004, eftir að matsgerð lá fyrir og bótanefnd tók erindi hans til afgreiðslu í kjölfar þess. Samkvæmt framangreindu var fullnægt skilyrðum 6. gr. laga nr. 96/1995 um bótagreiðslu.

Af hálfu stefndu hefur því og verið haldið fram að krafa um bætur hafi verið dregin til baka af hálfu tjónþola við meðferð sakmálsins fyrir héraði. Hafi því engin krafa verið fyrir hendi í málinu frá þeim tíma og þar til þess að stefna var gefin út. Er ekki á þessa málsástæðu stefndu fallist, enda liggur fyrir í málinu að umsókn um bætur var send bótanefnd innan lögmaeltra tímafresta, hún var ekki afturkölluð og bótanefnd tók erindi tjónþola til afgreiðslu á grundvelli framkominnar umsóknar. Sú málsástæða stefndu að tjónþoli sé bundinn við þá kröfu sem hann gerði við meðferð sakamálsins á hendur stefndu, er með öllu órökstudd og er ekki á hana fallist.

Stefndu hafa og haldið því fram að krafa stefnanda hafi verið fyrnd þegar málið var höfðað. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 69/1995 eignast ríkissjóður rétt tjónþola gagnvart tjónvaldi sem nemur fjárhæð bóta, er ríkissjóður hefur greitt bætur. Krafa stefnanda fyrnist á 10 árum og var því ekki fyrnd þegar mál þetta var höfðað 4. september 2008.

Þá hafa stefndu haldið því að fram að sýkna beri þá af kröfu stefnanda vegna vítaverðs tómlætis af hálfu stefnanda.

Bótanefnd ákvarðaði tjónþola bætur 16. mars 2006, og hafnaði endurupptökubeiðni stefndu með bréfi 24. apríl 2006. Í janúar 2007 var innheimtubréf sent til stefndu og í febrúar 2007 var ítrekunarbréf sent til stefndu. Málið var svo þingfest í héraðsdómi 9. september 2008. Jafnvel þótt fallast megi á að heppilegra hefði verið að hraða gerð stefnu og þingfestingu málsins, eftir að ljóst var í kjölfar ítrekunarbréfs er stefndu var sent, að þeir ætluðu ekki að inna af hendi greiðslu, verður ekki talið að um svo vítavert tómlæti af hálfu stefnanda sé að ræða að sýkna beri stefndu af kröfum hans.

Af hálfu stefndu hefur því verið haldið fram, annars vegar að ekki hafi verið sýnt fram á að spörk stefnda, A, hafi leitt til bótaskyldra áverka á tjónþola og hins vegar sé útilokað að stefndi, B, hafi getað valdið þeim bótaskylda áverka sem kröfugerð tjónþola var byggð á og samþykkt var af bótanefnd.

Með vísan til þeirrar sérfræðilegu matsgerðar sem lögð hefur verið fram í dóminum, læknisvottorða og vottorðs sjúkrahjálfa verður að telja að meiðsli þau sem tjónþoli, C, hlaut umrædda nótt, hafi stafað af líkamsárás þeirri er stefndu voru ákærðir fyrir. Dómur í því máli féll 19. desember 2003 í héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem stefndu voru dæmdir til refsingar og háttsemi þeirra talin varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar með er ótvírætt að tjón C varð vegna brota á almennum hegningarlögum og að skilyrðum 1. mgr. 1. gr. laga nr. 69/1995 sé fullnægt til greiðslu bóta úr ríkissjóði. Breytir engu í því sambandi þótt niðurstaða í

sjálfu sakamálinu hafi verið sú að ósannað væri að stefndi, B, hefði sparkað í tjónþola, og að ósannað væri að stefndi, A, hefði sparkað oftari en tvisvar sinnum í tjónþola. Verða hvorki lög nr. 69/1995 né réttarfarslög túlkuð þannig að skilyrði fyrir því að þolandi afbrots fái greiddar bætur samkvæmt lögnum sé að áfellisdomur liggi fyrir um hverja þá háttsemi sem ákært er fyrir hverju sinni, enda segir í 9. gr. laga nr. 69/1995 að greiða skuli tjónþola bætur samkvæmt lögnum þótt ekki sé vitað hver tjónvaldur sé. Þá er óumdeilt að stefndu stóðu báðir að árás á tjónþola og bera þeir því ábyrgð á tjóni hans in solidum.

Til sönnunar á tjóni tjónþola hefur m.a. verið lagt fram læknisvottorð Ólafs R. Ingimarssonar, vottorð Ólafs Stefánssonar læknis um óvinnufærni, læknisvottorð Sveinbjörns Brandssonar bæklunarskurðlæknis og matsgerð þeirra Guðjóns Baldurssonar og Guðmundar Björnssonar. Hvorki matsgerð né fyrrgreindum læknisvottorðum hefur verið hnekt af hálfu stefndu. Að mati dómsins er tjón tjónþola nægilega sannað með framlögðum, fyrrgreindum gögnum.

Þá hafa stefndu á engan hátt sýnt fram á að tjónþoli skuli bera tjón sitt sjálfur vegna eigin áhættutöku.

Þegar allt framangreint er virt, er fallist á kröfu stefnanda, íslenska ríkisins á hendur stefndu og verða þeir dæmdir til greiðslu að fjárhæð 2.622.126 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af 2.622.126 krónum frá 29. maí 2006 til greiðsludags.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 greiði stefndu stefnanda in solidum 620.000 krónur í málskostnað, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndu, A og B greiði in solidum til stefnanda, ríkissjóðs Íslands, 2.622.126 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af þeirri fjárhæð frá 29. maí 2006 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda in solidum málskostnað, 620.000 krónur.

Ingveldur Einarsdóttir

